

## FYLGISEÐILL SJÚKLINGA

### Mæling meltingartíma í ristli með Transit-Pellets™ röntgenmerki.

Vinsamlegast lestu þessar upplýsingar vandlega áður en þú byrjar að nota Transit-Pellets™ röntgenmerki. Bæklingurinn inniheldur mikilvægar upplýsingar fyrir þig. Notið Transit-Pellets™ röntgenmerki eins og lýst er í þessum upplýsingabæklingi sjúklunga eða samkvæmt fyrirráðum læknis. Vistið þessar upplýsingar. Þú gætir þurft að lesa þær aftur.

- **ÁRÍÐANDI:** Gætið þess að mæta á réttum tíma í röntgenmyndatökuna
- **ÁRÍÐANDI:** Það er mjög mikilvægt að nota engin hægðalyf þangað til að læknir ráðleggur þér að prófi sé lokið. Hægðalyf eru m.a. örvandi lyf, uppsafnandi trefjaefni, endaparmsstíll og stólpípa með saltlausn
- Spyrðu lækni þinn ef þú þarfnast viðbótarupplýsinga eða ráðlegginga
- Láttu lækni þinn vita hvort þú hafir einhver þekkt ofnæmi áður en skoðun hefst
- Þetta próf er ekki ráðlagt ef þú ert eða gætir verið ólétt, vegna þess að nauðsynlegt er að taka röntgenmynd af kviðnum
- Ekki breyta þínu venjulega mataræði á meðan prófunarvika rannsóknarinnar stendur yfir (matur og drykkir)
- Margir þættir, t.d. mataræði og lyfjameðferð geta haft áhrif á niðurstöðurnar. Vinsamlegast láttu lækni þinn vita af þeim lyfjum sem þú tekur áður en þú byrjar að taka hylkin. Hann/hún ákveður þá hvort þú þurfir að hætta tímabundið að taka önnur lyf
- Ef þú hefur tekið of mörg eða röng hylki, eða þú hefur gleymt því eða tekið á röngum tíma, hafðu þá samband við lækni þinn

#### Í þessum upplýsingarbæklingi sjúklunga færðu upplýsingar um:

- 1) Hvað er flutningspróf í ristli?
- 2) Hvað er í hylkinu?
- 3) Hvernig er ferlið?
- 4) Hvernig geyma skal Transit-Pellets™ röntgenmerki
- 5) Yfirlýsing um innihald



#### 1) Hvað er flutningspróf í ristli?

Flutningspróf í ristli með notkun Transit-Pellets™ röntgenmerki mun læknir nota til að greina sjúklunga með þráláta hægðatregðu og er það notað til að greina á milli hægvirka og venjulega hægðatregðu. Prófið sýnir hversu fljótt matur fer í gegnum meltingarfærin. Mælinguna er einnig hægt að nota við þrálátan niðurgang til að sjá hvort röskunin sé tengd eðlilegri verkun ristils. Læknir getur einnig mælt með annari meðferð. Spyrðu lækni þinn hvaða meðferð hentar þér, ef svo er raunin.

#### 2) Hvað er í hylkinu?

Í boxinu finnur þú pilluspjöld með sjö (7) hylkjum sem innihalda röntgenmerki. Þú getur séð hringina inni í hylkinu áður en þú kyngir því. Hylkið leysist upp og litlu hringirnir, líkt og matur, munu ferðast í gegnum meltingarfæri þín og í gegnum ristilinn. Hringirnir koma út með hægðum þínum og eru ekki skaðlegir.

#### 3) Hvernig er ferlið?

Röntgenmyndataka á degi sjö mun hjálpa læknum að telja þá hringi sem enn eru eftir í meltingarfærunum og auðveldar honum að ákvarða í hvaða ástandi þú ert og hvernig eigi að bregast við. Læknir mun síðar ákvarða tíma til að ræða niðurstöður prófsins.

Eftirfarandi tafla sýnir hvenær þú skalt gleypa hylki (ef það er ekki þegar tekið fram í fundarbréfinu) miðað við tíma og dagsetningu röntgenmyndatökkunnar. Tímarnir sem tilgreindar eru hér að neðan eru aðeins dæmi.

Dagur	1	2	3	4	5	6:1	6:2	7
Tími	09:00	09:00	09:00	09:00	09:00	09:00	21:00	09:00
Hringlaga lífmerki	X	X	X	X	X			
Rörlaga lífmerki						X	X	
Röntgenmyndataka á kvið								X-ray

Pilluspjaldið er merkt með númerum 1-6. Hvert númer táknar einn dag í töflunni hér að ofan. Gleypu hylkin með vatni samkvæmt því númeri sem er á bakhlið pilluspjaldsins. Eitt (1) hylki á dag fyrstu fimm dagana. Á sjötta degi þarf að gleypa tvö (2) hylki með tólf (12) klukkustunda millibili.

Ef þú átt erfitt með að kyngja hylkjunum, reyndu þá að kyngja þeim með einhverju öðru en vatni líkt og eplamauki eða jógúrt. Þykkri áferð getur auðveldað þér að gleypa hylkin.

Gættu þess að fylgja tímaleiðbeiningunum nákvæmlega, sem inniheldur þann tíma fyrir röntgenmyndatökuna á degi sjö.

#### 4) Hvernig geyma skal Transit-Pellets röntgenmerki

Geyma skal við venjulegan stofuhita

Geymist þar sem börn ná ekki til

#### 5) Yfirlýsing um innihald

Hylki: Hypromellose methylcellulose E464

Lífmerki: Elastosil® R 401/60 Silicone Rubber (78%), Barium Sulfate BaSO<sub>4</sub> powder EMPROVE (22%)

Þetta skjal er eingöngu ætlað í upplýsingaskyni og kemur ekki í stað ráðgjafar sem þú færð frá viðeigandi heilbrigðisstarfsmanni.



Hópur



Notaðu áður



Framleiðandi



Lesið notendaleiðbeiningar

#### Framleiðandi: Medifactia AB

Heimilisfang: Medifactia AB, c/o IOFFICE BUSINESS CENTER, 111 22 Stockholm, SWEDEN

Sími: +46 (0)8-460 072 06

Veffang: <http://medifactia.com>

CE 0402